



# FERLAUFUNGUR

Fréttabréf flóruvina

Áhugamannahóps um verndun og rannsóknir á íslensku flórunni

## Dagur hinna villtu blóma 13. júní 2010

Enn einu sinni er fyrirhugað að bjóða upp á dag hinna villtu blóma, að þessu sinni sunnudaginn 13. júní árið 2010. Þetta er í 7. skipti sem dagurinn er haldinn á Íslandi, en Ísland varð síðast Norðurlandanna til að taka upp þennan samnorrena dag árið 2004. Á þessum sex árum hefur verið boðið upp á 85 plöntuskoðunarferðir vítt og breitt um landið og hafa alls 720 gestir sótt sér þangað fræðslu um plönturnar sem vaxa í kringum okkur. Flestar voru ferðirnar 18 sem boðið var upp á árið 2005, en þátttakan var mest árið 2009, eða 152 manns.

Ég vil hvetja alla þá leiðbeinendur, sem eru reiðubúnir að taka að sér leiðsögn í ár, að láta vita af sér sem fyrst í netfangið [hkris@nett.is](mailto:hkris@nett.is), og helst ekki síðar en 20. maí svo að þær fréttatilkynningar sem birtar verða til kynningar deginum nái sem flestum með. Upplýsingar þurfa að fylgja um hvar þátttakendur eigi að mæta og hvenær svo og nafn leiðbeinanda. Þær verða síðan birtar á vefsíðunni [www.floraislands.is](http://www.floraislands.is) og má jafnframt vísa á þá vefsíðu í auglýsingum. Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um daginn.

Eins og áður er gert ráð fyrir að leiðsögnin standi í tvo tíma, en tímasetning getur verið mismunandi eftir því hvað best hentar á hverjum stað.

## Starfsemi flóruvina

Sífelld bætast upplýsingar um útbreiðslu íslenskra plantna í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Nokkur hluti þeirra kemur frá flóruvinum. Venjulega eru það upplýsingar um eina og eina athyglisverða plöntu, eða nokkur spjöld sem merkt hefur verið við á vettvangi. Árið 2009 bárust hins vegar gögn frá tveim flóruvinum, Birni Hjaltasyni frá Kiðafelli, og Hjörleifi Guttormssyni líffræðingi og fyrrverandi ráðherra sem voru mun stórtækari en almennt gerist.

Björn hefur síðastliðin tvö ár farið um meira en tuttugu samliggjandi 5 x 5 km reiti á heimasvæði sínu, um Kjósina, allan suðurhluta Hvalfjarðar og fjallendið þar suður af ásamt með Esjunni. Skilaði hann ítarlegum plöntulistum úr öllum þessum reitum, og til viðbótar stökum spjöldum með plöntuskram frá Snæfellsnesi og Hornströndum. Eins og gefur að skilja hefur þetta orðið til að þetta verulega útbreiðslukort þessa svæðis sunnan Hvalfjarðar.

Samstarf við Hjörleif er mun eldra, en hann vann á sínum yngri árum mjög ítarlegar rannsóknir á plöntum og hæðarmörkum þeirra í öllu Austfjarðahálendinu. Hann leyfði aðgang að þessum gögnum og fleiri vettvangsspjöldum á 9. áratug síðustu aldar, þegar verið var að byggja gagnagrunninn upp. En hann hélt áfram eftir það að merkja plöntur á vettvangsspjöld á hinum ýmsu ferðum sínum um landið, og síðastliðið haust afhenti hann þau gögn sem safnast höfðu

saman á síðari árum.

Öll þessi gögn hafa nýst vel til að þetta þau útbreiðslukort, sem nú verða birt í nýrri útgáfu Íslensku plöntuhandbókarinnar sem ráðgert er að komi út með vorinu.

## Flóruvinir á fésbókinni

Síðastliðið haust hafði einn flóruvinur á Húsa-vík, Óskar Jóhannsson, frumkvæði að því að stofna lokaðan flóruvinahóp á fésbókinni. Í hann fá aðeins skráðir flóruvinir inngöngu en geta þar skiptst á skoðunum og fréttum af flórunni og plöntuskoðunarferðum sín á milli. Flóruvinir eru nú um 190 talsins, þar af eru 22 í flóruvinahópi fésbókar. Vonandi á þeim eftir að fjölga með vorinu. Þetta mun opna auðvelda leið til að koma skilaboðum milli flóruvina, auglýsa vettvangsferðir o.fl. þess háttar. Það er því von mín að samskipti verði meiri milli flóruvina framvegis en hingað til, og að fésbókin stuðli að sameiginlegum plöntuskoðunarferðum. Þannig læra menn hver af öðrum.

Þeir sem óska eftir að ganga í flóruvini fésbókar geta sótt um inngöngu á fésbókinni sjálfri, eða sent mér tölvupóst á [hkris@nett.is](mailto:hkris@nett.is) því þannig get ég sent þeim boð um inngöngu.

## Tvær fágætar plöntur

Ein af þeim plöntum sem Björn Hjaltason á Kiðafelli vakti athygli mína á, er **arfafjola** sem fannst við Fossá í Hvalfirði. Hún kom þar upp úr grasfræsáningu meðfram skógarstígum. Hún er náskyld þrenningarfjólú, en er þó talin einær. Arfafjolan er ein af þeim óstöðugu slæðingum sem sjást hér stöku sinnum en hefur aldrei náð að nema land. Hún er smávaxnari en íslenska þrenningarfjolan, hefur minni bláma í blóm-unum, þau eru mestmegnis gulleit eða hvít. Öruggasta greiningareinkennið er þó líklega lengd bikarblaða, en þau eru jafnlöng eða lengri en krónublöðin. Á þrenningarfjólú eru krónublöðin miklu lengri en bikarblöðin.

**Knjápuntur** (herjólfsjár) er ein af sjaldgæfustu plöntum á Íslandi. Hann hefur aðeins



1. mynd. Arfafjola, *Viola arvensis*.

fundist innst í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum. Hann fannst fyrst fyrir um 80 árum, og hefur ætíð vaxið á svipuðum slóðum. Slíðurhimna hans er ummynduð í hákrans, og þar af er dregið nafnið herjólfsjár. Ég vitjaði knjápuntsins nýlega og fann hann bæði í hlíðinni við Kaplagjótu og í nágrenni við Fjósaklett. Til vinstri á meðfylgjandi mynd sést hæring blaðslíðursins, en til hægri er punturinn í haustlitunum.



2. mynd. Knjápuntur (herjólfsjár), *Danthonia decumbens*.

### NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Borgum við Norðurslóð Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 460 0500 Bréfasími 460 0501  
Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 590 0500 Bréfasími 590 0595

